

AUGLÝSING

um deiliskipulag Undirhlíða í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 21. nóvember 2006 deiliskipulag Undirhlíða í Hafnarfirði. Deiliskipulagið tekur til svæðis við Undirhlíðanámu við Bláfjallaveg í Hafnarfirði, um 400.000 m². Deiliskipulagið felur í sér þau meginmarkmið að tryggja skipulagða efnistöku, að efnistaka og frágangur haldist í hendur, vinnsla fari öll fram skv. lögum og reglum og að framtíðarsýn sé mótuð fyrir svæðið og notkun þess. Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 2. mars 2007,

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2007